

L Ö G

43

8. sept.

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir
Útvegsbanka Íslands h/f.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með
samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast rekstrar-
lán fyrir eitt ár í senn fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur á þessu
ári hjá erlendum banka eða bönkum, allt að 150000 sterlingspundum, eða
tilsvarandi fjárhæð í annari erlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.